

Sveitarfélagið Hornafjörður  
Ásgerður K. Gylfadóttir,  
bæjarstjóri  
Hafnarbraut 27  
780 Höfn í Hornafirði



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 5. febrúar 2014  
Tilvísun: UST20131200157/ksj

## Lýsing. Ferðamannaáðstaða við Fjallsárlón í Sveitarfélaginu Hornafirði

Vísað er til erindis Sveitarfélagsins Hornafjarðar er barst 20. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu vegna tillögu að deiliskipulagi ferðamannaþjónustu við Fjallsárlón. Áætlað er að byggja upp ferðamannaáðstöðu við Fjallsárlón á svæði sem nær frá Breiðá í norðri, til suðurs meðfram gömlum árfarvegi, yfir núverandi aðkomuveg og að Fjallsá í vestri. Stærð skipulagssvæðis er um 85 ha.

### Landnotkun

Eins og fram kemur í lýsingu er skipulagssvæðið innan svæðis nr. 635 á náttúruminjaskrá. Einnig kemur fram að í tillögu að aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2018 er gert ráð fyrir afþreyingar- og ferðamannasvæði um 20 ha að stærð við suðurhluta lónsins, austan Fjallsár. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að allar framkvæmdir falli vel að umhverfinu og skyggi ekki á Fjallsárlón. Einnig bendir stofnunin á að mikilvægt er að við framkvæmdir verði forðast allt óþarfa rask.


### Aðstaða


Í umfjöllun um aðstöðu kemur fram að í deiliskipulagi verði markaðir byggingarreitir fyrir væntanlega aðstöðu, og væntanlegt stígakerfi. Einnig kemur fram að við staðsetningu verði litið til ásýndar, aðgengis, öryggis og upplifunar. Umhverfisstofnun bendir á að skv.gr. 5.3.2.14 skipulag við vötn, ár og sjó í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 skal utan þéttbýlis, ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m. Taka skal tillit til þessa ákvæðis þegar byggingarreitir eru ákvarðaðir.

## Aðkoma

Umhverfisstofnun tekur undir það að við staðsetningu bílastæða og rútustæða verði litið m.a. til ásýndar og upplifunar. Umhverfisstofnun bendir mikilvægi þess að við deiliskipulagningu bílastæða verði reynt að lágmarka sjónræn áhrif.

Virðingarfyllt

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun

